


**NÝ  VEST**



**Nýsköpunarnet  
Vesturlands**



# Markmið

Að vera vettvangur samstarfs, upplýsingamiðlunar og rannsókna.

Að aðstoða við að þroska og þróa álitlegar hugmyndir og stuðla að því að áhugaverð verkefni verði að veruleika.


Að tengja saman þá sem vinna að nýsköpun á svæðinu; skóla, fyrirtæki og einstaklinga.

Að auka og efla tengsl fyrirtækja/atvinnulífs við sterkt þekkingarumhverfi á Vesturlandi. Hér eru tveir háskólar, þrír framhaldsskólar, símenntunarmiðstöð og þekkingarsetur.

Að styðja við frumkvæði í heimabyggð þannig að setur og samvinnurými verði drifkraftur nýsköpunarnetsins.

Að vera faglegur bakhjarl nýsköpunar og frumkvöðlastarfs í samstarfi og samvinnu við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi sem veita aðstoð við stofnun fyrirtækja, atvinnu- og rekstrarráðgjöf, upplýsingar um sjóði, aðstoð við styrkumsóknir og frekari upplýsingar sem að gagni mættu koma.

# Netið okkar



Samvinnurými og frumkvöðlasetur  
á Vesturlandi

Hver er þróunin?

Hvernig tökum við þátt í þróun og verðum leiðandi afl?

**Breið - Þróunarfélag, Röstin** á Hellissandi, Borgarnes:  
**Hugheimar** nýsköpunarsetur, í Stykkishólmi er **Árnasetur**  
í Grundarfirði og í Hvalfjarðarsveit geta einyrkjar leigt  
starfsrými til nýsköpunarverkefna og í **Dalabyggð**  
samvinnurými og þróunarsetur  
**Gleipnir:** Samstarf Bifrastar, Landbúnaðarháskólans á  
Hvanneyri o.fl.

# Sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar dragi vagninn



Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og KPMG fjölluðu sameiginlega árið 2019 um þróun atvinnulífs og samfélags á Vesturlandi til ársins 2040.

Þar var kastljósinu ekki síst beint að hugviti, nýsköpun og þróun með nýsköpunarsetrum og klösum sem laða að sér ungt fólk og frumkvöðla með fjölbreytta menntun og reynslu á öllum aldri.


Starfshópur á vegum SSV vann að undirbúningi að stofnun Nýsköpunarnets Vesturlands (NýVest) í þeim tilgangi að tengja saman frumkvöðla og hagaðila.

NýVest stofnað 6. apríl 2022.


**NýVest**

# Þróun íbúafjölda

1975 - 2017




# Sveitarfélög, fyrirtæki, skólar og einstaklingar dragi vagninn



Meginhugsunin er alltaf sú hin sama, óháð fjölda fólks og umfangi á hverjum stað.







# Akurinn er Vesturland

Nýsköpun og samstarf þvert á faglegar línur er lykill að jákvæðri þróun til skemmri og lengri tíma.

Til lengri tíma litið:

- Fólki hefur í heildina fækkað hlutfallslega á Vesturlandi undanfarna áratugi, fjölgað á sumum svæðum en fækkað á öðrum.
- Orkufrekur iðnaður á Grundartanga og ferðaþjónusta voru stærstu atvinnugreinarnar fyrir Covid og höfðu siglt fram úr sjávarútvegi og landbúnaði að umfangi (fjöldi starfa).
- Störfum hefur fækkað í hefðbundnum atvinnugreinum og önnur störf eru víkjandi. Í stað fólks með hnífa í höndum skera vélar fisk með vatnsbunu og viðskiptavinir í verslunum afgreiða sig sjálfir, borga og hverfa á braut.

# Akurinn er Vesturland

Nýsköpun og samstarf þvert á faglegar línur er lykill að jákvæðri þróun til skemmri og lengri tíma.

Mörg spennandi tækifæri á Vesturlandi – dæmi:

- ✓ Þari: fæða - heilsubót – loftslagsmál – umbúðir – áburður – rannsóknir?
- ✓ Grjótkrabbi
- ✓ Hvanneyri – matur – ræktun – Matvælandið Ísland
- ✓ Dalabyggð – ferðaþjónusta, skógarauður
- ✓ Snæfellsnes: Þari, þjóðgarður.....
- ✓ Ferðaþjónusta – böð – sögur – áfangastaðir
- ✓ Skapandi greinar.....
- ✓ Landeldi?

Víð skilgreining á hugtakinu „nýsköpun“!

Hvernig er hægt að tengja saman stærri og smærri aðila?

Störf án staðsetningar

**NýVest**

Mikilvægt að hafa sterka rödd!







# Nýsköpunarnet Vesturlands

Tenging hagsmunaaðila

Tengslanet

Aðstoð við styrkumsóknir

Styrkjabrunnur – upplýsingar um styrki


Tengiliður mismunandi aðila; atvinnulífs, skóla og rannsókna

Faglegur stuðningur


# Uppbygging




## Nýsköpunarnet Vesturlands




Fyrirtæki




Skólar




Sveitarfélög




Fab Lab




Nýsköpunar-  
og þróunarsetur



Samvinnurými



Samtök /  
Stofnanir



Grasrót og listir

NýVest



<https://nyvest.is/>

**Takk fyrir!**

NýVest